

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Sveitarfélaginu Ölfusi.

*Deiliskipulag fyrir heimaland Hjallakróks, Ölfusi.*

*Breyting á notkun á byggingarreit B2 úr vélaskemmu í alifuglahús.*

Samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss samþykkt deiliskipulag, breytingu á notkun á byggingarreit frá vélaskemmu í alifuglahús að Hjallakróki, Ölfusi. Innan 500 m fjarlægðar frá alifuglabúinu er frístundahús. Fyrir liggur frá eiganda frístundahússins að hann geri ekki athugasemd við þær breytingar á reit B2 í deiliskipulagi, að byggingarreitur fyrir geymslu verði að alifuglahúsi. Skipulagsstofnun gerir athugasemd við að deiliskipulagið sé í ósamræmi við 4. mgr. 24. gr. reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002. Fyrir er alifuglabú að Hjallakróki og stækkun búsins, fjölgun alifugla með nýju byggingunni er innan starfsleyfis fyrir búið sem Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur samþykkt.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Porlákshöfn, 2. janúar 2013.*

**Sigurður Jónsson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 16. janúar 2013